

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmavík/Skeljavík



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|-------------------------|--------------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 29.6.2018 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálf Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Sorpsamlag Strandasýslu | Eftirlitsmaður | Gottskálf Friðgeirsson |
| Heimili | Skeiði 3 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 470786-1329 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Einar Indriðason | ÍSAT nr. | 38.21.00 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 377099,262 581129,16 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust í eftirlitinu. Ein ábending var gerð. □

UMFANG EFTIRLITS

- Fundur
 - Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, tilkynningar, skráningar og mælingar
 - Umhverfissvöktun – árleg skýrsla
 - Timburmagn á urðunarstaðnum – kurlun og landmótun
 - Fokvarmir – drengurður- spilliefni
 - Annað
- Skoðun á urðunarstaðnum, myndir teknar og samantekt.

Urðunarstaðurinn hefur verið skilgreindur sem urðunarstaður í afskekktri byggð og hefur undanþágu frá botnpéttingu og jarðfræðilegum tálma. Undanþága er frá söfnun sigvatns og frá söfnun hauggass. Einnig er undanþága frá kröfum um starfsleyfistryggingu. Starfsleyfið heimilar móttöku og urðun allra efna í flokkum 01, 02, 17, 19 og 20 í reglugerð nr. 184/2002 sem ekki eru stjórnumerkt (þ.e. ekki spilliefni). Eins má taka á móti og urða sambærilegan úrgang af öðrum uppruna og óvirkan úrgang. Taka má á móti allt að 500 tonnum á ári til urðunar.

1a. Komið var í eftirlit og sest yfir skoðun gagna á skrifstofu Sorpsamlags Strandasýslu á Hólmavík. Allar mælingar og skráningar liggja fyrir og árlegt yfirlit hefur verið sent Umhverfisstofnun. Skýrsla um magn og gerð úrgangs var færð í gagnagrunn stofnunarinnar tímanlega fyrir skiladag.

Áætlanir liggja fyrir. Neyðaráætlun, sbr. grein 1.7, er samningur við byggðarsamlagið Norðurá í Stekkjarvík. Viðbragðsáætlun, sbr. lög nr. 33/2004, vegna bráðamengunar liggur fyrir og mæliáætlun og losunarmörk frárennslisvatns eru í starfsleyfi.

1b. Vöktun rekstraraðila og árlegar umhverfisskýrslur eru í góðu lagi. Umhverfisráðgjöf Íslands hefur séð um verkið undanfarin ár. Enginn marktæk breyting hefur orðið á styrk mengunarefna neðan urðunarstaðarins.

1c. Mikið magn timburúrgangs hefur safnast upp á urðunarstaðnum undanfarin ár og hefur verið fundið að því í eftirliti undanfarandi ára. Nú hefur orðið sú breyting á að samið hefur verið við verktakafyrirtækið HP Gáma Hópsnes um kurlun efnisins. Áætlað er að hefja verkið í ágúst nk. Að kurlun lokinni er ráðgert að fara í landmótun á svæðinu og verður sótt um heimild Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um að nota kurlað timbur við gerð mananna. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um verklok.

1e. Átaksverkefni Umhverfisstofnunar snýr að gerð umhverfismarkmiða. Gefinn hefur verið út bæklingur í því skyni þar sem kostir mælanlegra markmiða eru útskýrðir. Bæklingurinn var afhentur í eftirliti.

2. Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um urðunarstaðinn með Einari Indriðasyni stöðvarstjóra Snrytilegt var um að litast á urðunarstaðnum. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist. Fylgt er verklagsreglum um móttöku úrgangs gagnvart vindi. Verktakar sjá um vorhreinsun á fokefnum.

ATHUGASEMDIR

Ábending:

Upplýsa skal Umhverfisstofnun um lok kurlunar á timburúrgangi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.08.2018


Gottskálf Friðgeirsson